

**201. fundur stjórnar Atvinnuþróunarfélags Eyjafjarðar,
mánudaginn 14. október 2016.**

Fundarmenn:

Stjórnarmenn: Unnar Jónsson formaður, Bjarni Th. Bjarnason, ~~Snorri Finnlaugsson~~, Þórunn Harðardóttir, Steinunn María Sveinsdóttir og Pröstur Friðfinnsson (varamaður)

Starfsmenn: Baldvin Valdemarsson, Sigmundur Einar Ófeigsson og Elva Gunnlaugsdóttir (ritaði fundargerð)

1. Undirritun fundargerðar

Fundargerð síðasta fundar undirrituð

2. Erindi til stjórnar AFE frá Svavari Pálssyni

AFE tilnefni fulltrúa sveitarfélaganna í Eyjafirði í stjórn Legatsjóðs Jóns Sigurðssonar, stjórn samþykkir að framkvæmdastjóri AFE, nú Sigmundur Ófeigsson verði fulltrúi sveitarfélaganna í Eyjafirði.

3. Hlíðarfjall

AFE bíður eftir formlegu erindi frá Akureyrarbæ um að taka málefni Hlíðarfjalls áfram.

4. Íslenski heilbrigðisklasinn

Starfsfólk hefur átt fundi með nokkrum lykilaðilum í heilbrigðisgeiranum hér á Norðurlandi og Friðfinni Hermannssyni. Málið verður unnið áfram og starfsfólk mun halda stjórn upplýstri um framgang mála.

5. Flutningur starfsemi í Hafnarstræti 91

Síðustu 3 vikur hafa fara í flutninga og bæta starfsaðstöðu. Nýtt húsnæði þykir henta starfseminni mjög vel.

6. Arctic Circle ráðstefnan

Viðamikil ráðstefna og metnaðarfull. Tveir starfsmenn voru þar og áttu nokkra góða fundi sem snúa að verkefnum félagsins.

7. Önnur mál

Komist hefur hreyfing á Dysnes og stendur til að halda stjórnarfund þar sem munu koma nýjir inn í stjórn.

Haustfundur AFE í nóvember, mögulegt fundarefni endurskoðun samþykkt AFE og framtíðar verkefni.

Umræður sköpuðust um nýtt leiguíbúðakerfi sem sveitarfélög hafa verið að kynna sér, engin ákvörðun tekin.

Næsti fundur 7. nóv.

Fundi slitið kl. 18.00

Unnar Jónsson
Þórunn Harðardóttir
Bjarni Th. Bjarnason